Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til hafnarstjórnar

Kópavogi, 23. október 2023
**23062006**/505.05 BR

**Efni: Ósk um áframhaldandi aðstöðu fyrir RIB adventures við Kópavogshöfn**

Fyrirtækið RIB adventures hefur óskað eftir áframhaldandi aðstöðu í Kópavogshöfn til næstu þriggja ára fyrir rekstur sinn.
Starfsemi hófst í september 2023 þegar Samgöngustofa gaf út haffærisskyrteini fyrir bát fyrirtækisins og var farið með nokkra hópa í siglingar áður en báturinn var tekinn upp á land og komið fyrir í vetrargeymslu um miðjan október.

Þess er óskað að fundin verði varanleg lausn á frárennslismálum við aðstöðu fyrirtækisins við Kópavogshöfn þannig að hægt verði að bjóða upp á almennilega salernisaðstöðu fyrir viðskiptavini fyrirtækisins næsta sumar.

Einnig er bent á að nauðsynlegt er að færa bátinn af núverandi flotbryggju ef líkur eru á hvassviðri af suðvestan sökum öldugangs sem rýrir öryggi viðskiptavina sem og eykur líkur á skemmdum á bátnum þegar hann slæst út í bryggjuna. Til að tryggja öryggi og áframhaldandi uppbyggingu við norðurkant þyrfti að útbúa varnargarð sem skýldi fyrir suðvestan áttum.

Virðingarfyllst,

Kópavogsbær
Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026